

BORGARALEG FERMING 2012

VINSAMLEGAST GEYMIÐ PETTA UPPLÝSINGAHEFTI



Ágætu fermingarbörn, foreldrar og aðrir aðstandendur. Hjálagaður er listi með nöfnum allra fermingarbarnanna. Í dálkunum fyrir miðju og til hægri má sjá í hvaða námskeiði og hvaða athöfn viðkomandi er skráður.

Kennslustjóri og aðalkennari er Jóhann Björnsson heimspekingur og kennari.
hs: 553-0877, gsm: 844-9211 - netfang: johannbjo@gmail.com

Mætingarskylda er í tíma. Forföll skal boða til kennara. Fermingarbörnum og aðstandendum þeirra er velkomið að hafa samband við kennara í síma eða með tölvupósti.

Í Reykjavík verða haldin fimm 12-vikna námskeið og eitt helgarnámskeið, Á Akureyri er haldið eitt helgarnámskeið. Helgarnámskeið eru kennd yfir tvær helgar, skipt í fyrri og seinni hluta.

Upplýsingar um 12-vikna námskeiðin:

Tímaplanið er sem hér segir:

<u>Mánudagar</u>	<u>kl. 16:30 til 17:50</u>	<u>byrjar</u>	<u>9. janúar</u>
<u>Þriðjudagar</u>	<u>kl. 16:30 til 17:50</u>	<u>byrjar</u>	<u>10. janúar</u>
<u>Miðvikudagar</u>	<u>kl. 16:30 til 17:50</u>	<u>byrjar</u>	<u>11. janúar</u>
<u>Fimmtudagar</u>	<u>kl. 16:30 til 17:50</u>	<u>byrjar</u>	<u>12. janúar</u>
<u>Föstudagar</u>	<u>kl. 15:30 til 16:50</u>	<u>byrjar</u>	<u>13. janúar</u>

Öll ofangreind 12-vikna námskeið fara fram í Kvennaskólanum, að Fríkirkjuvegi 9, á 1. hæð í nýbyggingu skólans, stofu N6.

Jóhann verður með GSM símann sinn ef einhver finnur ekki kennslustofuna.

Í næstsíðasta tíma námskeiðsins verður foreldrum / forráðamönnum boðið að koma og fræðast um það sem hefur verið gert.

Helgarnámskeið í Reykjavík verður eins og hér segir:

Fyrri hluti: laugardaginn 4. febrúar og sunnudaginn 5. febrúar

Seinni hluti: laugardaginn 3. mars og sunnudaginn 4. mars

Helgarnámskeiðið verður haldið í stofu 12 í Réttarholtsskóla, við Réttarholtsveg 10. Gengið er inn frá hringtorgi við skólann. Tekið verður á móti þátttakendum við inngang skólans. Jóhann verður með GSM símann á sér.

Kennslan hefst kl.10:00 alla dagana og stendur til kl. 16:00 laugardagana og til 15:00 sunnudagana.

Ekki hefur verið ákveðið hvort boðið verður upp á foreldratíma fyrir foreldra barna á helgarnámskeiði. Fer það eftir því hvort þeir koma með börnum sínum til Reykjavíkur eða ekki. Haft verður samráð við þátttakendur síðar um þetta mál.

Helgarnámskeið á Akureyri verður eins og hér segir:

Fyrri hluti: laugardaginn 14. janúar og sunnudaginn 15. janúar

Seinni hluti: laugardaginn 18. febrúar og sunnudaginn 19. febrúar

Kennarar verða Jóhann Björnsson og Valgerður Dögg Jónsdóttir. Kennslan fer fram í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Kennslan hefst kl.10:00 alla dagana og stendur til kl. 16:00 laugardagana og til 15:00 á sunnudagana. Nánari upplýsingum um Akureyrarnámskeiðið verður dreift með tölvupósti til þátttakenda.

Kostnaður og greiðslufyrirkomulag

Bæði námskeiðsgjaldið (kr. 26.000) og athafnargjaldið (kr. 8.000) voru rukkuð saman í einu þáttökugjaldi, samtals kr. 34.000, í byrjun desember.

Mikilvægt: Gjaldlagi var 5. desember og eindagi er 5. janúar. Það þarf því að greiða námskeiðsgjaldið áður en námskeiðið byrjar.

ATHUGIÐ: Enginn fær að halda áfram í námskeiðinu sé ekki búið að greiða í lok síðasta virka dagsins í fyrstu kennsluviku (fös. 13. jan.). Á þessu eru ekki gerðar neinar undanþágur. Fólk í fjárhagsvanda getur samið við gjaldkera um greiðsludreifingu yfir 2-3 mánuði. Fyrsta innborgun 5. des. (t.d. 12+12+10) Félagsmálayfirvöld sveitarfélaga hafa hjálpað í sumum tilvikum.

Hætti barn við þáttöku er endurgreitt að fullu sé látið vita fyrir lok sunnudags fyrstu kennsluviku (15. janúar), en eftir það er haldið eftir kr. 3.000 í umsýslugjald. Engin endurgreiðsla (nema kr. 8.000. vegna athafnar) fæst hætti barn að loknum helmingi námskeiðs eða seinna.

Ef barn hættir þáttöku skal láta vita með því að senda tölvupóst á athafnir@sidmennt.is eða hringja í:

Hope Knútsson umsjónarmann (s: 567-7752, 557-3734, 694-7486),
Jóhann Björnsson kennslustjóra (s: 553-0877, 844-9211) eða
Svan Sigurbjörnsson gjaldkera (s: 896-3465).

Sjö fermingarathafnir vorið 2012!

Vegna þess hversu mörg börn fermast borgaralega þetta ár verða haldnar tvær athafnir í Háskólabíói sunnudaginn 15. apríl og tvær athafnir í Salnum í Kópavogi sunnudaginn 22. apríl. Fermingarbörnunum verður skipt á þessar athafnir í samræmi við það námskeið sem þau eru í. Meginreglan er að fermingarbörnin á mánudags-, þriðjudags- eða helgarnámskeiðunum verða í morgunathöfninni og þau sem eru á miðvikudags-, fimmtudags- eða föstudagsnámskeiðunum verða í eftirmiðdagsathöfninni.

Einnig verða haldnar athafnir á: Selfossi í Tryggvaskála laugardaginn 28. apríl, Akureyri í Hofi 13. maí og Fljótsdalshéraði um miðjan júní. Siðmennt mun skipuleggja athafnirnar í samvinnu við fjölskyldur fermingarbarna á þessum stöðum.

Athafnirnar í Reykjavík verða kl. 11:00 og 14:00. (15. apríl)

Athafnirnar í Kópavogi verða kl. 11:00 og 13:30. (22. apríl)

Athafnirnar í Reykjavík taka um eina klukkustund hvor en athafnirnar í Kópavogi eitthvað skemur. Hópmýndataka verður strax á eftir hverri athöfn en hún tekur yfirleitt um 20 mínútur. Æfingar fyrir athafnirnar í Háskólabíói og Salnum verða fyrir hádegi daginn fyrir athöfn. Nánari upplýsingar um æfingar og athafnir verða sendar ykkur tímanlega. Æfingar fyrir athafnirnar á Akureyri, Selfossi og Fljótsdalshéraði verða fyrr sama dag og athafnirnar fara fram.

Okkur vantar tillögur

Eftir að námskeiðin hafa hafist verður kannað hvaða fermingarbörn hafa áhuga á að koma fram í sinni athöfn t.d. með hljóðfæraleik, ljóðalestri, ávarpi, söng, dansi eða öðru menningarlegu atriði. Einnig munum við biðja ykkur um tillögur um utanaðkomandi ræðumann. Æskilegt væri að byrja að hugsa um öll þessi mál núna til þess að vera tilbúin með svör þegar við spyrjum! Ef þið hafið einhverjar tillögur nú þegar, væri það vel þegið að fá þær sendar á hope@sidmennt.is

Foreldranefndin í vetur er nokkuð fjölmenn, en hlutverk hennar í ár verður í raun frekar einfalt. 1) Að koma með tillögur um ræðumenn og sortera þær. 2) Að rúlla upp fermingarskírteinunum og binda með fánaborða. Hope mun hafa samband við nefndina með tölvupósti þegar fram í sækir.

Í marsmánuði munum við taka við pöntunum á hópmyndum og DVD mynddiskum með upptökunum af athöfnunum.

Fréttir af framvindu undirbúnings má sjá á heimasíðu Siðmenntar:

<http://sidmennt.is/veraldlegar-athafnir/bf-yfirlit/bf-2012-upplýsingar/>

Tölvupóstsamskipti og ruslpóstvarnir

Eitthvað hefur borið á því að póstar frá Hope eða öðrum innan Siðmenntar sem halda utan um undirbúning BF hafi ekki alltaf skilað sér til allra. Því miður eru sumar ruslpóstvarnir það kröftugar að þær flokka stundum eðlilega pósta sem spam og virðist það sérstaklega algengt ef nauðsynlegt er að senda pósta á marga í einu. Spam filterar Gmail virðast t.d. vera sérstaklega slæmir hvað þetta varðar.

Oft er nóg að setja netföng hópsins inn í addressubækur ykkar / contact lista, til þess að minnka líkur á þessari spam flokkun. Nauðsynlegt er einnig fyrir ykkur að kíkja af og til í spam/junk folderinn (ruslmappan) hjá ykkur og skoða hvort eitthvað leynist þar frá Siðmennt.

Hér er listinn með þeim netföngum sem við notum í þessu samhengi.

thorokol@gmail.com
thorsteinnk@hive.is
hopeful@islandia.is
hope@sidmennt.is
svanurmd@hotmail.com
svanurmd@gmail.com
mamikodis@gmail.com

Með bestu kveðju,
Hope Knútsson, formaður Siðmenntar